

Þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá. 90

7. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagsskrá, gjaldskrá, fundargerðir og bréf.
8. Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.
9. Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVII. kafla laga nr. 53/1957, um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 18. ágúst 1961.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Hofsóskaupþún nr. 13 12. janúar 1950. 91

18. ágúst

### 1. gr.

c-liður 21. greinar orðist þannig:

Öll önnur skip, er til hafnarinnar koma (nema þau, sem undanþegin eru hafnar-gjaldi samkv. 20. gr.), skulu greiða 40 aura af hverri brúttórúmllest í hvert skipti er þau koma til hafnarinnar. Strandferðaskip, sem sigla eftir fyrir fram auglýstri áætlun, greiði þó aðeins 20 aura af brúttórúmllest, þó ekki oftast en einu sinni í mánuði.

### 2. gr.

Í stað tveggja síðustu málsgreina 22. greinar komi:

Vélbátar 12 rúmllestir brúttó, og minni, eign manna búsettra á Hofsósi, greiði kr. 30.00 á ári.

### 3. gr.

a-liður 27. greinar reglugerðarinnar falli niður og aðrir stafliðir greinarinnar breytist samkvæmt því.

### 4. gr.

30. gr orðist þannig:

#### Vörugjaldskrá:

1. flokkur: Gjald kr. 1.50 hver 100 kg:  
Kol, salt, áburður, kornvörur, fóðurvörur, garðávextir, hey, saltfiskur, frosinn fiskur, ísvarinn fiskur, frosin síld, fiski- og síldarmjól.
2. flokkur: Gjald kr. 2.00 hver 100 kg:  
Sement, járn, járnvörur, byggingarvörur aðrar en timbur, ótaldar annars staðar, tvistur, pokar, fiskumbúðir, mjólk.
3. flokkur: Gjald kr. 2.50 hver 100 kg:  
Brennsluolía, benzín, smurolía.

- 91** 4. flokkur: Gjald kr. 3.00 hver 100 kg:  
 18. ágúst Kjöt, gærur, sláturafurðir, skreið, fullverkaður saltfiskur, sundmagi, fiskroð, niðursoðinn fiskur, útgerðarvörur, veiðarfæri og efni í þau.
5. flokkur: Gjald kr. 3.50 hver 100 kg:  
 Kaffi, sykur, smjörliki, bifreiðavarahlutir, vélar og varahlutir í þær, málningarvörur, lökk, saumur, gler.
6. flokkur: Gjald kr. 4.00 hver 100 kg:  
 Allar vörur, sem gjald er tekið fyrir eftir þyngd, ótaldar annars staðar.
7. flokkur: Gjald kr. 0.60 hver 10 kg:  
 Ávextir, nýir og þurrkaðir, kítta, lím, gibbs, veggfóður, korkvörur, lín-óleum, gúmmi, pappír, olíufatnaður.
8. flokkur: Gjald kr. 1.50 hver 10 kg:  
 Blickvörur, leirvörur, saumavélar, hreinlætisvörur, glervörur, burstavörur, eldhúsáhöld, divanteppi, leður, lyfjavörur, rafmagnsvörur, kryddvörur, ljósmyndavörur, kvikmyndir, hljóðfæri, sportvörur, skotfæri, sælgæti, peningaskápar, leikföng, klukkur, mælar, símar, áttavitar.
9. flokkur: Gjald kr. 3.20 hver 10 kg:  
 Tóbaksvörur, vín, spíritus.
10. flokkur: Gjald kr. 0.60 hvert teningsfet:  
 Timbur.
11. flokkur: Gjald kr. 0.75 hvert teningsfet:  
 Aðrar vörur, sem reiknast eftir máli og ekki eru taldar annars staðar.
12. flokkur: Gjald fyrir:  
 Full lýsis- og olíuföt kr. 4.20 hvert stk.  
 Tómar stáltunnur, smuroliutunnur, sildartunnur fullar, fullir öl- og gosdrykkjakassar kr. 2.00 hvert stk.  
 Sauðfé kr. 2.00 hver kind.  
 Stórgripir kr. 10.00 hver gripur.

### 5. gr.

33. grein orðist svo:

Af heildarafla skips greiðast kr. 8.00 af hverri smálest af slægðum fiski með haus, sem landað er á hafnarsvæðinu, nema af síld. Af hverju máli eða tunnu síldar greiðist kr. 0.50. Kaupandi skal innheimta aflagjaldið og standa skil á því til hafnarsjóðs innan hálf mánaðar frá móttöku aflans.

Heimilt er hafnarnefnd að semja um aflagjald af heimabátum.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendingarbætur nr. 29 23. apríl 1946, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 151 31. júlí 1951, um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Hofsóskaupþún, nr. 13 12. janúar 1950.

*Samgöngumálaráðuneytið, 18. ágúst 1961.*

**Emil Jónsson.**

*Brynjólfrur Ingólfsson.*